



## Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

apríl 2024

### Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í febrúar sl. Góðar stundir!

### Kastljósið

Hér er kastljósinu beint að tveimur einstaklingum sem hafa aðsetur í húsnæði AkAk - Pétri Guðjónssyni og Steingrími Denna Karlssyni. Þeir vinna hér að nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum en AkAk býður einstaklingum upp á endurgjaldslausu aðstöðu til að vinna að verkefnum á þessu sviði í samstarfi við Akureyrarbæ.

- **Pétur Guðjónsson – Draumaleikhúsið – Leikfélag unga fólksins.**

Pétur Guðjónsson er Akureyringur sem hefur komið að ýmsum viðburðum og starfað talsvert með ungu fólki. Þar á meðal hjá Leikfélagi Akureyrar, leikstýrt framhaldsskólum og kennir nú leiklistarval hjá grunnskólum Akureyrar.

Pétur er með diplóma í viðburðastjórnun, hefur sótt sér ýmsa þekkingu á námskeiðum hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga, áfangann: Leikstjórn með ungu fólki hjá LHÍ og síðast tekið nám hjá Rose Bruford College of theatre and art, þar sem hann gerði verkefni um stofnun Youth theater eða leikfélag unga fólksins.

Pétur hefur framleitt verk á vegum Draumaleikhússins og lá þá beinast við að gera Draumaleikhúsið að leikfélagi unga fólksins. Uppbygging á því verkefni hefur staðið undanfarna mánuði með styrk frá SSNE og einnig með styrk sem veittur er til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna hjá AkureyrarAkademíunni í samstarfi við Akureyrarbæ. Þar er um að ræða endurgjaldslausu vinnuástöðu hjá AkureyrarAkademíunni.

Draumaleikhúsið sér fram á að bjóða upp á ýmis leiklistarnámskeið en með aðaláherslu á aldurshópinum 16-23 ára. Einnig munu verða námskeið fyrir fleiri aldurshópa með ýmsum áherslum. Þar á meðal leiklistarnámskeið fyrir 67+ sem er nýung og verður hugsað sem skemmtilegt tækifæri til að leika sér og fara út fyrir kassann. Verkefnið er í vinnslu varðandi áherslur og staðsetningar en er vel á veg komið. Reiknað er með að fara af stað með námskeið næstkomandi haust. Stóra myndin og framtíðarstefnan er að Leiklistarskóli Draumaleikhússins gefi tækifæri til að læra að leika, eflast og láta drauma rætast.

- **Steingrímur Denni Karlsson – Frumkvöðull og kvikmyndagerðarmaður.**

Steingrímur Denni Karlsson nam kvikmyndagerð við American Film Institute í Los Angeles. Hann hefur komið að ýmsum öðrum verkefnum, s.s. uppsetningu sýninga, tónlistarviðburða, stundakennslu við Kvikmyndaskóla Íslands o.fl. Þá er hann klippari, leikstjóri og framleiðandi fjölda

kvikmyndaverkefna.

Steingrímur hefur einnig fengist töluvert við markaðsmál. Hann hefur hannað og stýrt fjölmörgum alþjóðlegum markaðsverkefnum fyrir Subaru International, Toyota Japan, Arla Germany/Spain, Ossur International, Mitsubishi Pajero, Audi Þýskalandi, Vodafone, Ariel, Icelandair og American Express.

Steingrímur er annar frumkvöðla er setti á laggirnar Óbyggðasetur Íslands. En það verkefni hefur unnið til viðurkenninga, t.d. Frumkvöðlaverðlauna, afhent af forseta Íslands árið 2015. Undanfarin ár hefur Steingrímur unnið sem framkvæmdastjóri Óbyggðaseturs og hannaði sýningar þess. En markmið setursins er að fræða gesti á lifandi hátt, í gegnum ýmsar ferðir, viðburði og sýningar.

Steingrímur sat um árabíl í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs, hann hefur mikla þekkingu á óbyggðum Íslands og hefur leiðsagt og skipulagt óbyggðaferðir með hópa. Hann er einnig einn af stofnendum Náttúruskólans.

Steingrímur vinnur þessa dagana að sjónvarpsþáttaröð fyrir Ríkissjónvarpið um ævintýri óbyggðanna og hönnun sýningar í samstarfi við Gagarín.

### Lýðveldismálþing

AkureyrarAkademían stendur fyrir opnu málþingi laugardaginn 4. maí nk., kl. 14:00 - 17:00 í Hömrum, Menningarhúsinu Hofi - í tilefni af því að á þessu ári eru 80 ár frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi þann 17. júní 1944. Málþinginu er ætlað að vera vettvangur fyrir samræður og skoðanaskipti fræðimanna og almennings um lýðveldisstofnunina, stöðu og þróun lýðveldis og lýðræðis á Íslandi. Hvernig hefur tekist til? Hvaða lærdóma má draga? Sjá dagskrána [hér](#).

### „Ég heyri klukknaðið“ - Ítalíuferð Davíðs Stefánssonar skálds

Valgerður H. Bjarnadóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona og félagi í AkureyrarAkademíunni, verður með [dagskrá](#) þar sem hún segir sögur af ferðum Davíðs Stefánssonar um Ítalíu, og ekki síst Assísi, og les úr ljóðum hans og öðrum skrifum og sýnir myndir. Dagskráin fer fram í salnum á hjúkrunarheimilinu Hlíð, Austurbyggð 17, Akureyri, föstudaginn 10. maí, kl. 13:30. Hún er hluti af viðburðaröð AkureyrarAkademíunnar á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrkir viðburðinn.

### Ársfundur 2024

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar 2024 fer fram miðvikudaginn 15. maí nk. og hefst kl. 19:30. Fundurinn er í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri. Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk: Skýrsla stjórnar, endurskoðun reikninga, upptalning fulltrúa, kjör formanns og fulltrúaráðs, fjárhagsáætlun og árgjald, breytingar á skipulagsskrá og önnur mál. Samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár er atkvæðisréttur á ársfundi bundinn við þá sem greiða árgjald, kr. 2.000, fyrir fundinn en fundurinn er engu að síður öllum opin. Eftir ársfundinn verður boðið upp á léttar veitingar.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>  
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímisdóttir, netfang [akak@akak.is](mailto:akak@akak.is)